

Tónlistarskólinn á Akureyri

Tónheyrn rytmískra söngvara 1 og 2

Kennsluáætlun haust 2024

Kennari: Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Einingar í framhaldsskóla fyrir önnina: 1

Innihald og markmið:

Kennsla og þjálfun tónheyrnar, þ.e. tónfræðinnar í framkvæmd.

Markmiðið er að nemendur öðlist dýpri skilning, þekkingu og færni í tónlist. Ennfremur að búa rytmíska söngnemendur undir tónheyrnarhluta áfangaprófa í rytmískum söng.

Efni:

Þjálfun í að þekkja, kunna og syngja tónstiga og hljóma skv. námskrá.

Þjálfun og kennsla í nótnalestri og söng af nótum.

Þjálfun í skilningi á uppbyggingu og efniviði tónlistar.

Í tónheyrn 1 er kennt á grunnstigi. Í lok áfanga á nemandi að þekkja og geta sungið hljóma og tónstiga sem eru til grunnprófs í ritmískum söng, auk þess að geta sungið eða stautað sig í gegn um nótnalestrardæmi af grunnstigs-þyngdargráðu.

Í tónheyrn 2 er kennt á mið- og framhaldsstigi. Í lok áfanga á nemandi að þekkja og geta sungið hljóma og tónstiga sem eru til mið- eða framhaldsprófs í ritmískum söng, eftir því hvar nemandi er staddur í söngnámi, auk þess að geta sungið nótnalestrardæmi af viðeigandi þyngdargráðu.

Námsgögn:

Nemendur fá nótur frá kennara til að nota við heimaæfingar og ráðleggingar um stöku nýtilegt hjálparforrit

Í tímum er notast við píanó, töflu og rými. Nemendum er frjálst að notast við nótnablöðin sín í kennslustundum, en engin nauðsyn.

Heimaæfingar:

Tíðar heimaæfingar eru strembinn en gjöfull hluti námsins. Fjórar mínútur nokkrum sinnum í viku ávaxtast betur en tuttugu mínútur einu sinni í viku. Eindregið er mælt með því að nemendur felli tónheyrnaræfingarnar inn í dagsrútinu sína, og hafi þær stuttar og

viðráðanlegar. Árangur kemur hægt, með seigluinni, jafnvel án þess að við verðum hans vör. Lökun er það sem máli skiptir.

Mæting:

Mætingarskylda er 80%

Mæting í kennslustundir er grundvallaratriði þar sem þjálfun er meginþáttur námsins.

Líta má á kennslustundirnar sem eyrna- og heilaleikfímistíma.

Nemandi missir ekki af kennsluefni þó hún, hán eða hann missi úr kennslustund.

Regluleg mæting er forsenda framfara, tilfinningar fyrir eigin framförum og þeirri ánægju og færni sem tónheyrnariðkun og -kunnátta veita.

Námsmat:

Umsögn kennara.

Námsmat byggir á mætingu og þátttöku.